

Austurlandi, 16. desember 2017

Nefndarsvið Alþingis  
Bt. fjárlaganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Mál:** nr. 1, fjárlög 2018

**Efni:** Fjárveiting 2018 til Austurbrúar skv. samningi við MMR.

Í nýgerðum stjórnarsáttmála er lögð rík áhersla á eflingu menntunar í landinu með hagsmuni nemenda að leiðarljósi auk þess sem fjallað er um jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum.

Austurbrú er þverfagleg stofnun sem sinnir, ein stofnana á Austurlandi, þjónustu við samfélagið á sviði háskóla- símenntunar og rannsókna skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Austurbrú sinnir þannig þeim hlutverkum sem í öðrum landshlutum háskólasetur, þekkingasetur og símenntunarmiðstöðvar sinna.

Í landshlutanum, sem telur 10.310 manns á um fimmtán þúsund ferkílómetra svæði, eru fjarlægðir miklar bæði á milli staða sem og til stóru þéttbýlissvæða Íslands. Í landshlutanum er hlutfall þeirra sem eingöngu eru með grunnskólapróf töluvert yfir landsmeðaltali auk þess sem háskólamenntaðir eru hlutfallslega færri en á landinu í heild. Mikilvægi þeirrar þjónustu sem Austurbrú veitir fyrir þekkingaruppbyggingu á svæðinu er því ótvírætt.

Í því fjárlagafrumvarpi sem lagt var fram 14. desember sl. er gert ráð fyrir framlagi til Austurbrúar upp á 56 millj. kr. í málaflokki framhaldsfræðslu. Þetta framlag er langt frá því að standa undir þeirri þjónustu sem íbúar á Austurlandi hafa þörf fyrir. Þetta framlag er lægra að krónutölu en forverar Austurbrúar fengu árið 2010! Þess utan er um að ræða töluverða lækkun frá fyrra ári þegar stofnunin fékk viðbótarfjárveitingu sem nam 29,8 millj. kr. sem þó var langt frá því að leiðrétta þá skekkju sem íbúar á Austurlandi búa við í tengslum við fjármögnun þessara innviða samfélagsins.



Fjárveitingar til þessara verkefna í fjárlögum byggja á sögulegri hefð en ekki reiknireglum skv. upplýsingum frá ráðuneyti menntamála. Þessi sögulega hefð er íbúum á Austurlandi verulega í óhag og ef notaður er t.d. mælikvarði um framlag pr. íbúa þá er Austurland lang lægst í samanburði við svæði á landsbyggðinni með sambærilega innviði.

Ljóst er töluvert vantar upp á í fjárlagafrumvarpi 2018 svo stofnunin geti verið það hreyfiafl menntunar og rannsókna sem landshlutinn svo sannanlega hefur þörf fyrir.

**Austurbrú óskar eftir að fjárveitingar Austurbrúar verði leiðréttar varanlega í fjárlögum 2018 og þær taki mið af þeirri þjónustu sem íbúum og samfélögum á Austurlandi á að bjóðast þegar kemur að háskólaþjónustu, símenntun auk rannsókna. Einnig er mikilvægt að framlag Austurbrúar sé skipt upp í rétta málaflokka miðað við þjónustuna sem stendur að baki.**

#### **21.20 Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi (og þjónusta við háskólanema)**

#### **22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig**

Það er von mín að það brautryðjenda framtak sem Austfirðingar sýndu með stofnun Austurbrúar, og þá miklu og góðu vinnu sem starfsfólk stofnunarinnar hefur unnið þessi fyrstu fimm ár, beri úr bítum trú og traust stjórnvalda á þessa aðferðafræði við eflingu og uppbyggingu þekkingar á landsbyggðinni. Það er gríðarlega mikilvægt að þessi vettvangur fái fjármagn til að sinna þessari mikilvægu þjónustu við íbúa svæðisins í menntamálum og rannsóknum svo Austurland verði áfram grunnstoð í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.



Jóna Árný Þórðardóttir  
Framkvæmdastjóri Austurbrúar

#### Fylgiskjal:

- Ályktanir SSA er varðar starfsemi Austurbrúar í menntamálum.



## **Fylgiskjal 1:**

### **Háskólamenntun og rannsóknir**

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 ítrekar fyrri ályktanir um að verulega hallar á Austurland í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins. Þetta er algjörlega óviðunandi og fundurinn krefst þess að aðstaða Austurlands verði sambærileg við það sem gerist í öðrum landshlutum. Fjarlægðir milli byggðakjarna og erfiðar samgöngur kalla á dreifða þjónustu. Hlutfall háskólamenntaðra á Austurlandi er töluvert undir landsmeðaltali. Það er því ekkert sem rökstyður að Austurland þurfi minna fé til þessara mála en aðrir landshlutar heldur þvert á móti (samanber upplýsingar í skýrslu Þórodds Bjarnasonar og Jóns Þorvalds Heiðarssonar, Stjórnsmál & stjórnsýsla 1. tbl. 9. árg. 2013). Skorað er á stjórnvöld að auka hlut Austurlands í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum hins opinbera t.d. með því að fjölga opinberum rannsóknatengdum störfum á svæðinu m.a. með samstarfi við Austurbrú og háskólana.

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 hvetur einnig til þess að unnið verði áfram að uppbyggingu háskóla- og rannsóknastarfsemi fyrir Austurland í samstarfi sveitarfélaga og atvinnulífs á svæðinu, stjórnvalda og háskólasamfélagsins.

### **Fjarnám á háskólastigi**

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á ríkisvaldið að sjá til þess að fyrsta gráða á háskólastigi sé skilgreind sem grunnþjónusta. Einnig er skorað á háskólastigið að móta sér skýrari stefnu varðandi fjarnám og fjölga þeim námsleiðum sem í boði eru s.s. í grunnnámi og endurmenntun á háskólastigi. Skipulagi þess verði þannig háttað að það sé raunhæfur kostur fyrir nemendur. Nemendur nýta sér í síauknum mæli möguleika til að stunda fjarnám í heimabyggð og fundurinn skorar því á ríkisvaldið að veita auknum fjármunum til Austurbrúar til að tryggja aðstöðu og stuðning við þessa nemendur til að auðvelda þeim að sækja nám hér á landi og erlendis.

### **Framhaldsfræðsla**

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á stjórnvöld að auka möguleika fólks á vinnumarkaði til að sækja sér endurmenntun heima í héraði. Nauðsynlegt er að grunnfjárveiting til framhaldsfræðslunnar hjá Austurbrú tryggi að til staðar sé dreifð þjónusta og nám í samræmi við þarfir íbúa um allt Austurland. Þá er áriðandi að reglur um fjárveitingar til íslenskukennslu fyrir innflytjendur taki mið af landfræðilegum aðstæðum og ólíkum þörfum byggðarlaga. Vakin er athygli á þeirri staðreynd að reglur um lágmarkspáttökufjölda í námshópum er hamlandi fyrir þessa starfsemi á Austurlandi og veldur því að ekki er hægt að sinna henni sem skyldi.

